

## Lög Björgunarfélagsins Eyvindar

### 1.gr.

Félagið heitir Björgunarfélagið Eyvindur. Aðsetur félagsins er í Hrunamannahreppi. Félagið er aðili að Slysavarnarfélaginu Landsbjörg og starfar innan vébanda þess

### 2.gr.

Hlutverk félagsins eru almenn slysavarna- hjálpar- og björgunarstörf. Félagið skal standa að þjálfun og æfingum fyrir félaga sína svo þeir verði jafnan færir um að rækja markmið félagsins og afla þess búnaðar sem nauðsynlegur er til starfsins.

### 3.gr.

Félagar geta þeir orðið sem áhuga hafa á slysavarnar-, hjálpar- og björgunarstörfum og hafa náð 16 ára aldri. Atkvæðisbær og kjörgengur er hver fullgildur félagi sem náð hefur 18 ára aldri, er greitt hefur árgjald félagsins fyrir aðalfund þess ár hvert. Aðalfundur ákvarðar árgjöld hverju sinni.

### 4.gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og tekur þær ákvarðanir um skipulagsbreytingar sem þörf er á. Aðalfundur skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara, bréflega til félagsmanna og/eða með auglýsingu. Reiknisár félagsins skal vera frá 1. Febrúar til 31.janúar

Á dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar
3. Lagabreytingar
4. Kosningar
5. Árgjald
6. Önnur mál.

Á milli aðalfunda fer aðalstjórn með æðsta vald í málefnum félagsins í umboði aðalfundar

Rétt til setu í stjórn eiga allir fullgildir félagar. Stjórn skal skipuð fimm einstaklingum og skal kosið í eftirtalin embætti.

1. Formaður
2. Varaformaður
3. Ritari

#### 4. Gjaldkeri

#### 5. Meðstjórnandi

formann og gjaldkera skal kjósa til tveggja ára í senn og skulu þeir kosnir til skiptis annað hvert ár. Varaformaður, ritari og meðstjórnandi skulu kosnir til eins árs í senn.

Ef stjórnarmaður hættir í stjórn skal boða til aukaaðalfundar og kjósa nýja stjórn.

Tvo skoðunarmenn reikningar skal kjósa til eins árs í senn.

Aðalstjórn skal hafa yfirumsjón með öllum fjármálum félagsins og vera í forsvari fyrir félagið útávið.

Eigi er stjórn heimilt að veðsetja fasteignir yfir 30% af fasteignamati, né selja fasteignir nema með samþykki félagsfundar og þá 2/3 hluta atkvæða.

Aðalstjórn stýrir einnig björgunarsveit félagsins. Ennfremur hefur stjórnin heimild til að skipa –fullgilda félaga í nefndir á vegum félagsins.

#### 5.gr.

Aðalstjórn getur boðað til félagsfundar þegar henni þykir þörf á. Ennfremur er stjórninni skylt að boða til félagsfundar ef ¼ hluti félaga óskar þess skriflega og tilgreinir fundarefnið.

#### 6.gr.

Um réttindi og skyldur félaga gilda eftirfarandi reglur:

6.1 Nafnaskrá yfir alla félagsmenn skal jafnan vera til hjá stjórn.

6.2 Hver félagi skal fá skírteini, sem sýnir að hann er löglegur félagi.

6.3 Félagar sem vinna innan björgunarfélagsins skulu sjálfir eiga lágmarks ferðabúnað.

6.4 Inntökubeiðnir og úrsagnir úr félaginu skulu vera skriflegar og sendar aðalstjórn. Við brottför úr félaginu getur félagi ekki gert tilkall til sjóða eða eigna félagsins.

6.5. Félagi getur sætt brottrekstri úr félaginu ef:

a. Hann verður uppvís að því að spilla álit félagsins.

b. Hann hefur áfengi eða önnur vímuefni um hönd í starfi fyrir félagið.

c. Hann verður uppvís að óviðunandi umgengni um eignir og tæki félagsins.

Nú ályktar aðalstjórn að félagi sé brottrækur úr félaginu og skal hún þá

tilkynna honum það skriflega. Sætti hlutaðeigandi sig ekki við úrskurð stjórnarinnar, getur hann skotið máli sínu til næsta félagsfundar.

**7.gr.**

Björgunarfélagið Eyvindur og félagsmenn þess skulu kappkosta að hafa gott samstarf og samvinnu við önnur félagasamtök sem starfa að forvarnar-æskulýðs- og björgunarstörfum.

**8.gr.**

Lögum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi og/eða framaðalfundi og þurfa 2/3 fundarmanna að samþykkja lagabreytingar. Þegar leggja á fyrir fund tillögu um lagabreytingar skal þess getið í fundarboði.

**9.gr.**

Lög þessi voru samþykkt svohljóðandi á aðalfundi 14.maí 2017 og öðlast þegar gildi.

**10. gr.**

Lög þessi voru upprunalega samþykkt á stofnfundi 21. Janúar 2000 og öðluðust þegar gildi. Breytingar voru gerðar á lögum á aðalfundi Björgunarfélagsins 18. mars 2001. Breytingar voru gerðar á lögum á aðalfundi Björgunarfélagsins 14.maí 2017.

Breytingar gerðar á aðalfundum öðlast þegar gildi nema getið sé um annað.